

REGLUGERÐ

um rekstur radióstöðva.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

Radióstöð er einn eða fleiri radiósendar eða radiómóttakarar eða sambland hvors tveggja að meðtöldum öllum aukabúnaði, sem nauðsynlegt er að hafa á einum stað til að geta tekið þátt í radiófjarskiptum. Hver radióstöð skal kennd við þá þjónustu, sem henni er ætlað að taka þátt í.

Radióbylgjur eru rafsegulbylgjur með tíðni (radiótíðni) allt að 3000 gígahertz (GHz), sem breiðast út í eða utan gufuhvolfsins án tilbúins leiðara.

Radióþjónusta er fjarskiptastarfsemi, sem byggir á sendingu, útgeislun og/eða móttöku radióbylgju.

Radiómiðun er móttaka radióbylgju í þeim tilgangi að miða út radióstöð.

Radióstjórnufræði er stjörnuathugun, byggð á móttöku radióbylgju utan úr geimnum.

Vísinda- og iðnaðarradíó er starfræksla tækja eða búnaðar til að framleiða og nota staðbundið radiótíðniorku við vísindarannsóknir, í iðnaði, í lækningum, í heimilistækjum og öðrum álíka tilvikum, án þess að um fjarskipti sé að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi þjónusta telst radióþjónusta:

1. Fastþjónusta, þ.e. þjónusta milli fastra ákveðinna staða.
2. Farstöðvaþjónusta milli landstöðvar og farstöðva eða milli farstöðva, þ.m.t.
 - landfarstöðvaþjónusta milli móðurstöðvar og landfarstöðva eða milli landfarstöðva,
 - sjófarstöðvaþjónusta milli strandarstöðvar og sjófarstöðva eða milli sjófarstöðva. Björgunarbátastöðvar og neyðarsendar falla einnig undir þessa þjónustu,
 - flugfarstöðvaþjónusta milli móðurstöðvar og flugfarstöðva eða milli flugfarstöðva. Stöðvar í björgunarbátum flugvéla og neyðarsendar í gúmmibátum falla einnig undir þessa þjónustu.
3. Útvarpsþjónusta með beinni móttöku almennings á hljóðvarps- eða sjónvarpssendingum.
4. Radióákvörðunarþjónusta með notkun útbreiðslueiginleika radióbylgju til að ákveða staðsetningu, hraða eða einhvern annan eiginleika hlutar. Undir hana falla radióleiðsöguþjónusta og radióstaðsetningarþjónusta.
5. Veðurtækjaþjónusta fyrir veðurfræðilegar mælingar og kannanir.
6. Jarðkönnunarþjónusta milli jarðstöðva og einnar eða fleiri geimstöðva þar sem gerð er könnun á ýmiss konar eiginleikum jarðar utan úr geimnum.
7. Tímamerkjaþjónusta með sendingu ákveðinnar tíðni, tímamerkis eða hvors tveggja með mikilli nákvæmni fyrir almenna móttöku.
8. Radióáhugamannaþjónusta fyrir þjálfun, tilraunir og samskipti radióáhugamanna án fjárhagslegs ávinnings þeirra.
9. Öryggisþjónusta til verndar lífi og eignum.
10. Sérþjónusta fyrir ótilgreindar sendingar, sem ekki eru fyrir almenning. Að öðru leyti er vísað til alþjóðaradióreglugerðarinnar.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun veitir heimild til notkunar á radiótíðni, í samræmi við samþykktir alþjóðaráðstefna, sem haldnar eru að undirlagi Alþjóðafjarskiptastofnunarinnar. Sending á radiótíðni án heimildar er bönnuð.

4. gr.

Póst- og símamálastofnun gefur út leyfisbréf til handa stofnunum og einkaaðilum, sem samkvæmt lögum er falið eða er heimilt að reka sendistöðvar í útvarps-, radióákvörðunar- og tímamerkjapjónustu, en fyrir móttöku slíkra sendinga þarf ekki leyfisbréf.

Leyfisbréf þarf ekki fyrir vísinda- og iðnaðarradíó né fyrir radióstöðvum fyrir radió-stjörnumælingar.

Öll fastapjónusta á radióbylgjum fellur undir einkarétt ríkisins samkvæmt fjarskiptalög-um.

Póst- og símamálastofnun gefur út leyfisbréf fyrir radióstöðvum í annarri radiópjónustu en fyrr hefur verið talin upp í þessari grein. Leyfi eru takmörkuð við fjarskipti leyfishafa, við þjónustustöðvar stofnunarinnar eða fjarskipti milli tveggja eða fleiri radióstöðva hans í samræmi við reglur um viðkomandi radiópjónustu. Leyfishafa er óheimilt að taka að sér fjarskiptaafgreiðslu fyrir annan aðila, hvort sem greiðsla kemur fyrir eða ekki. Póst- og símamálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilvikum, enda liggi það fyrir, að þjónustustöðvar hennar geti ekki annast þau fjarskipti, sem um er að ræða.

Póst- og símamálastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu radióstöðva, sem ekki er leyfisbréf fyrir, og ekki eru undanþegnar leyfisskyldu samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Á leyfisbréf skal skráð nafn leyfishafa, staðsetning þeirra tækja sem leyfisbréfið nær til, tíðni, sendiafl og aðrir mikilvægir eiginleikar radiótækjanna.

Leyfisbréfið veitir eingöngu heimild til starfrækslu radióstöðva á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi.

Leyfisbréf fyrir stöðvum í farstöðvapjónustu, sem er alþjóðleg, gildir einnig í íslenskum farartækjum utanlands, en þó með þeim takmörkunum sem reglur þess lands, sem farartækið er staðsett í, setja.

Breytingar á tækjum eða fyrirkomulagi, svo og eigendaskipti, skal leyfishafi þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnun, sem gefur út nýtt leyfisbréf ef þörf krefur.

6. gr.

Þeir einir, sem fengið hafa tilskilin skírteini mega annast starfrækslu radiósendistöðva í fastapjónustu og opinberri farþjónustu Póst- og símamálastofnunar, þegar um er að ræða farartæki sem notuð eru til fólksflutninga í atvinnuskyni. Undanþegnir eru þeir sem starfrækja farstöðvar í hinu almenna farsímakerfi Póst- og símamálastofnunar.

Skírteini eru gefin út í samræmi við alþjóðaradióreglugerðina. Skírteinishafar samkvæmt þessari grein skulu hafa fengið tilsögn í notkun radióstöðva og lært undirstöðuatríði í radióviðskiptum í skóla sem Póst- og símamálastofnunin viðurkennir.

7. gr.

Fyrirkomulag radióviðskipta skal vera í samræmi við alþjóðaradióreglugerðina. Ekki er heimilt að annast radióviðskipti undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Öll viðskipti í radiópjónustu skulu vera eins stutt og mögulegt er án þess að rýra gildi þeirra upplýsinga sem verið er að skiptast á. Ef um er að ræða tíðni, sem notuð er af fleiri en einum aðila, ber að athuga að engin önnur viðskipti séu í gangi áður en notkun hennar hefst. Í upphafi skal notandi kynna sig með nafni eða kallmerki, hafi því verið úthlutað.

Heimilt er að veita undanþágu til að nota félagsnúmer í stað kallmerkis, enda séu slík númer frábrugðin kallmerkjum í notkun. Skrár yfir félagsnúmer, sem notuð eru á þennan hátt, skulu afhentar Póst- og símamálastofnun.

8. gr.

Þegar leyfisbréf er gefið út á nafn stofnunar eða fyrirtækis, er starfsmönnum þeirra heimilt að taka þátt í viðkomandi radióþjónustu innan marka leyfisbréfsins. Leyfisbréf gefið út á nafn félags er takmarkað við forsvarsmenn og launaða starfsmenn. Póst- og símamálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilvikum.

Maka einstaklings, sem fengið hefur leyfisbréf, er heimilt að nota radióstöð þá sem leyfisbréfið fjallar um, á sama hátt og leyfishafi. Skráður leyfishafi er þó ábyrgur á allan hátt fyrir starfrækslu stöðvarinnar.

Eingöngu þeir, sem náð hafa 16 ára aldri, mega starfrækja radiósendistöðvar.

9. gr.

Handhöfum leyfisbréfa, sem heimild hafa fengið til að starfrækja radiótæki á tíðni, sem enginn annar notar, er heimilt að nota dulmál eða brengla útsendingu þannig að hún verði óskiljanleg öðrum en þeim sem hafa lykil að sendingunni. Leyfishafi skal tilkynna radióeftirliti Póst- og símamálastofnunar fyrirfram um slíka notkun. Leiði hún til truflana á annarri radióþjónustu skal henni þegar í stað hætt. Póst- og símamálastofnun getur einnig heimilað takmarkaða notkun dulmáls á tíðnum sem eru í almennri notkun, enda liggi ljóst fyrir að slík notkun hafi ekki áhrif á viðskipti annarra.

Í öllum tilvikum sem dulmál er notað, skal sá, sem sendir, kynna sig án dulmáls með nafni eða kallmerki í upphafi og lok sendingar. Ráðherra getur úrskurðað að radióeftirlitinu skuli afhentur dulmálslykill eða upplýsingar um á hvern hátt útsendingar eru brenglaðar. Á ófriðartímum er stranglega bannað að nota dulmál eða brengla útsendingar, nema fengist hafi sérstakt leyfi ráðherra.

10. gr.

Öll fjarskipti um radióstöðvar við aðila í öðrum löndum eru bönnuð nema veitt hafi verið til þess sérstakt leyfi í samræmi við fjarskiptalög. Handhöfum áhugamannaleyfis er þó heimilt að hafa samband við önnur lönd við tilraunir á radióbúnaði og útbreiðslu og skiptast á skoðunum um þessa hluti við hliðstæða aðila erlendis. Sams konar heimild getur Póst- og símamálastofnun veitt vegna vísindarannsókna, ef einungis er um að ræða vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar.

11. gr.

Við útgáfu leyfa til notkunar á radiótíðni skal þess gætt að truflun verði ekki á annarri fjarskiptastarfsemi.

Póst- og símamálastofnun skal láta rannsaka truflanir, sem verða á radiómóttöku. Radióeftirlitsmönnum skal heimill aðgangur að radióstöðvum fyrirvaralaust, enda sýni þeir videigandi skilríki, sem kveða á um stöðu þeirra. Starfrækslu radióstöðva, sem valda truflunum á annarri fjarskiptastarfsemi og eru ekki í samræmi við gildandi leyfisbréf og reglur, skal þegar í stað hætt, þegar gefin eru fyrirmæli þess efnis af Póst- og símamálastofnun.

Ef reglur um viðkomandi radióþjónustu kveða á um reglubundna skoðun, skal Póst- og símamálastofnun framkvæma hana, og gefa út vottorð þar að lútandi. Í vottorðinu skal koma fram hvaða atriðum er áfátt í tækjum og búnaði, ef hann er ekki í fullkomnu lagi. Veittur skal hæfilegur frestur til úrbóta.

12. gr.

Starfræksla rafmagnstækja, þ.m.t. mótóra, véla og tölvubúnaðar, sem gefa frá sér hátiðnibylgjur út á rafmagnsnetið eða geislun út í loftið með styrk umfram sett hámark og valda truflunum á starfsemi radióstöðva, er óheimil. Pyki sýnt að rafmagnstæki uppfylli ekki sett skilyrði skal eiganda þess skylt að bæta úr því á eigin kostnað. Sé um alvarlega truflun á fjarskiptaþjónustu að ræða skal notkun hins truflandi tækis hætt uns úr hefur verið bætt.

13. gr.

Ráðherra setur reglur um starfsemi radióstöðva, sem taka eiga þátt í radióþjónustu. Í reglunum skal kveðið á um umfang hvernar radióþjónustu, skilyrði fyrir útgáfu leyfisbréfa, viðurkenningu radióstöðva og tæknileg ákvæði um gerð radióstöðva.

Póst- og símamálastofnun athugar nýjar radióstöðvar í því skyni að sannreyna að tæknilegum ákvæðum í reglum sé fylgt. Sé um að ræða notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi eða radióstöðvar til notkunar í land-, sjó- og flugfarstöðvapijónustu skal farið eftir ákvæðum reglugerðar um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi. Radióstöðvar fyrir aðra þjónustu skulu prófaðar af Póst- og símamálastofnun. Að lokinni prófun skal Póst- og símamálastofnun tilkynna réttum aðila, hvort viðurkenningin er veitt, en tilgreina ástæðu, ef svo er ekki. Nánari ákvæði um prófun skulu vera í sérstakri reglugerð um viðkomandi þjónustu.

Óheimilt er framleiðendum og innflytjendum að afhenda til uppsetningar og notkunar radiótæki eða taka sjálfir í notkun tæki sem ekki hafa öðlast viðurkenningu þess að þau uppfylli tæknileg ákvæði fyrir viðkomandi þjónustu.

14. gr.

Framleiðendur radióstöðva og aðrir, sem smíða slíkar stöðvar eða hluti til þeirra, eru ábyrgir fyrir því að engar útsendingar eigi sér stað áður en stöðvarnar hafa hlotið viðurkenningu nema að fenginni undanþágu Póst- og símamálastofnunar. Við prófanir skal þess gætt að nota gerviálag, sem ekki geislar út, svo að valdi truflunum á radióþjónustu. Afhending radióstöðva til notenda skal vera í samræmi við reglur um viðkomandi radióþjónustu.

15. gr.

Réttindi, sem krafist er af þeim sem annast uppsetningu, tengingu og viðhald radióstöðva, sem tengjast hinu opinbera fjarskiptaneti eru skilgreind í reglugerð um notendabúnað. Sams konar réttinda er krafist vegna annarra radióstöðva. Loftskýtamenn hafa sömu réttindi að því er varðar farstöðvar í land-, sjó- og flugfarstöðvapijónustu og stöðvum sem ekki þarf leyfisbréf fyrir, og útvarpsvirkjar, að því er varðar stöðvar, sem ekki þarf leyfisbréf fyrir. Fyrirtæki sem hyggjast annast uppsetningu og viðgerð á radióstöðvum öðrum en þeim, sem falla undir notendabúnað sbr. 13. gr., skulu afla viðurkenningar Póst- og símamálastofnunar, sem setur lágmarkskröfur um mælitækjabúnað verkstæða og reglur um prófanir á radióstöðvum.

16. gr.

Á ófriðartímum í landinu skulu allar radiósendingar annarra en opinberra aðila þegar í stað stöðvaðar, þangað til ráðherra veitir heimild til notkunar á ný. Ráðherra getur úrskurðað að radióstöðvar skuli innsiglaðar eða teknar í vörslu hins opinbera enda sé þeim skilað aftur eftir að ófriðarástandi lýkur.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum um fjarskipti.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 113, 20. júní 1945 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 31. október 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.